Nr. 24.
13.
oktbr.

# Lög

um

skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Íslandi skal skipt í 42 læknishjeröð, þau er hjer segir:

### 1. flokkur.

1. Reykjavíkur hjerað: Reykjavíkur kaupstaður, Seltjarnarness, Bessastaða, Garða og Mosfells hreppar.

2. Ísafjarðar hjerað: Ísafjarðar kaupstaður, ásamt Eyrar, Hóls og Súðavíkur hreppum og Vigur í Ögurhreppi;

3. Akureyrar hjerað: Akureyrar kaupstaður, Öngulsstaða, Saurbæjar, Hrafnagils, Glæsibæjar og Skriðu hreppar, og Arnarneshreppur út fyrir Hillur, og Svalbarðsstrandarhreppur í Þingeyjarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í þeim hluta Höfðahverfishjeraðs sem er að vestanverðu við Eyjafjörð.

4. Seyðisfjarðar hjerað: Seyðisfjarðar kaupstaður, ásamt Loðmundarfjarðar, Seyðisfjarðar og Mjóafjarðar hreppum.

### 2. flokkur.

5. Keflavíkur hjerað: Vatnsleysustrandar, Njarðvíkur, Rosmhvalaness, Miðness, Hafna og Grindavíkur hreppar í Gullbringusýslu.

6. Barðastrandar hjerað: Barðastrandarsýsla fyrir vestan Vatnsdalsá.

7. Blönduóss hjerað: Húnavatnssýsla austan Gljúfurár.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

angaaende

## Omordning af Lægedistrikterne i Island m. v.

Nr. 24. 13de Oktbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Island inddeles i følgende 42 Lægedistrikter:

### 1ste Klasse.

1) Reykjavik Distrikt: Reykjavik Købstad samt Seltjarnarnes, Bessastada, Garda og Mosfells Repper;

2) Isafjord Distrikt: Isafjord Købstad, Eyrar, Hols og Sudaviks Repper samt Vigur i Ogur Rep;

3) Akureyri Distrikt: Akureyri Kjøbstad, Ongulstada, Saurbæjar, Hrafnagils, Glæsibæjar og Skrida Repper samt Arnarnes Rep indtil Hillur (inkl.) og Svalbardstrands Rep i Thingø Syssel. Lægen i dette Distrikt er endvidere pligtig til, naar det forlanges, og Forholdene tillade det, at yde Lægehjælp til Beboerne af den vest for Ofjorden beliggende Del af Høfdahverfi Distrikt;

4) Seydisfjord Distrikt: Seydisfjord Købstad samt Lodmundarfjords, Seydisfjords og Mjoafjords Repper.

### 2den Klasse.

5) Keflavik Distrikt: Vatnsleysustrands, Njardviks, Rosmhvalanes, Midnes, Hafna og Grindaviks Repper i Gullbringa Syssel;

6) Bardastrand Distrikt: Den Del af Bardastrand Syssel, som ligger vest for Vatnsdalsaa;

7) Blønduos Distrikt: Den Del af Hunavatn Syssel, som ligger øst for Gljufuraa;

Nr. 24. 13. oktbr.

8. Sauðárkróks hjerað: Skefilsstaða, Sauðár, Staðar, Seilu, Lýtingsstaða, Akra og Rípur hreppar í Skagafjarðarsýslu.

### 3. flokkur.

9. Borgarfjarðar hjerað: Skoradals, Andakíls, Lundarreykjadals, Reykholtsdals og Hálsa hreppar í Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýsla austan Langár.

10. Stykkishólms hjerað: Eyrarsveit, Helgafellssveit og Skógarstrandar hreppur. Læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður við komið og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Fellsstrandarhreppi vestan Kjallaksstaðaár og Skarðsstrandarhreppi sunnan Ballarár, ásamt eyjunum í þessum hreppi, nema Rauðseyjum, Rúfeyjum og Akureyjum.

11. Dala hjerað: Dalasýsla nema Rauðseyjar og Rúfeyjar;

12. Stranda hjerað: Strandasýsla, nema Bæjar hreppur.

13. Húsavíkur hjerað: Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, Ljósavatnshreppur upp undir Þóroddsstað, Aðaldæla og Húsavíkur hreppar.

14. Vopnafjarðar hjerað: Skeggjastaða og Vopnafjarðar hreppar. Læknirinn í hjerað þessu er skyldur til að vitja sjúklinga í Möðrudal og Víðidal, þegar hans er vitjað og því verður við komið;

15. Hróarstungu hjerað: Jökuldalshreppur beggja meginn Jökulsár upp að Gilsá, Hlíðar, Tungu, Hjaltastaða, Eiða og Borgarfjarðar hreppar.

16. Reyðarfjarðar hjerað: Reyðarfjarðar og Norðfjarðar hreppar.

17. Hornafjarðar hjerað: Austur-Skaptafellssýsla.

18. Síðu hjerað: Vestur-Skaptafellssýsla frá Skeiðarársandi að Hólmsá og Kúðafljóti.

19. Rangár hjerað: Rangárvallasýsla, nema Austur-Eyjafjallahreppur.

20. Eyrarbakka hjerað: Villingaholts, Hraungerðis, Gaulverjabæjar, Stokkseyrar, Eyrarbakka, Sandvíkur, Ölfus og Selvogs hreppar í Árnessýslu.

### 4. flokkur.

21. Skipaskaga hjerað: Hvalfjarðarstrandarhreppur inn fyrir Ferstiklu og hinir 4 syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.

22. Ólafsvíkur hjerað: Syðri hluti Snæfellsnessýslu frá Straumfjarðará að Búlandshöfða.

23. Þingeyrar hjerað: Vestur-Ísafjarðarsýsla.

24. Hesteyrar hjerað: Grunnavíkur og Sljettu hreppar.

25. Miðfjarðar hjerað: Húnavatnssýsla vestan Gljúfurár og Bæjarhreppur í Strandasýslu.

8) Saudarkrok Distrikt: Skefilsstada, Saudaa, Stadar, Seila, Lytingsstada, Akra og Rips Repper i Skagafjord Syssel. Nr. 24. 13de Oktbr.

### 3dje Klasse.

9) Borgarfjord Distrikt: Skoradals, Andakils, Lundareykjadals, Reykholtsdals og Halsa Repper i Borgarfjord Syssel og den Del af Myra Syssel, der ligger øst for Langaa;

10) Stykkisholm Distrikt: Eyrar, Helgafells og Skogarstrands Repper. Lægen i dette Distrikt er endvidere pligtig til, naar det forlanges, og Forholdene tillade det, at yde Lægehjælp til Beboerne af den Del af Fellsstrands Rep, der ligger vest for Kjallaksstadaa, og i den sydlige Del af Skardsstrands Rep indtil Ballaraa tilligemed Øerne i sidstnævnte Rep med Undtagelse af Raudseyjar, Rufeyjar og Akureyjar;

11) Dala Distrikt: Dala Syssel med Undtagelse af Raudseyjar og Rufeyjar;

12) Stranda Distrikt: Stranda Syssel med Undtagelse af Bæjar Rep;

13) Husavik Distrikt: Grimsø i Øfjord Syssel, Ljosavatns Reps nordlige Del indtil Thoroddsstadur (ekskl.), Adaldæla og Husaviks Repper;

14) Vopnafjord Distrikt: Skeggjastada og Vopnafjords Repper; Lægen i dette Distrikt er endvidere pligtig til, naar det forlanges, og Forholdene tillade det, at yde Lægehjælp til Beboerne af Mødrudal og Vididal;

15) Hroarstunga Distrikt: Den nederste Del af Jøkuldals Rep paa begge Sider af Jøkulsaa til Gilsaa, samt Hlidar, Tunga, Hjaltastadar, Eida og Borgarfjords Repper

16) Reydarfjord Distrikt: Reydarfjords og Nordfjords Repper;

17) Hornafjord Distrikt: Øster-Skaptafell Syssel;

18) Sida Distrikt: Vester-Skaptafell Syssel fra Skeidaraasand til Holmsaa og Kudafljot;

19) Rangaa Distrikt: Rangarvalla Syssel med Undtagelse af Øster-Eyjafjalla Rep;

20) Ørebak Distrikt: Villingaholts, Hraungerdis, Gaulverjabæjar, Stokkseyri, Ørebaks, Sandviks, Ølfus og Selvogs Repper i Arnes Syssel.

### 4de Klasse.

21) Skipaskagi Distrikt: Den vestlige Del af Hvalfjardarstrands Rep til Ferstikla (inkl.) samt de 4 sydligste Repper af Borgarfjord Syssel;

22) Olafsvik Distrikt: Den sydlige Del af Snæfellsnes Syssel fra Straumfjordsaa til Bulandshøfdi;

23) Thingeyri Distrikt: Vester-Isafjord Syssel;

24) Hesteyri Distrikt: Grunnaviks og Sljetta Repper;

25) Midfjord Distrikt: Den Del af Hunavatn Syssel, som ligger vest for Gljufuraa, samt Bæjar Rep i Stranda Syssel;

6. Hofsóss hjerað: Viðvíkur, Hóla, Hofs, Fells, Haganess og Holts hreppar í Skagafjarðarsýslu.

27. Siglufjarðar hjerað: Hvanneyrar og þóroddsstaða hreppar í Eyjafjarðarsýslu. Læknirinn í hjeraði þessu er skyldur til, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Grímsey.

28. Höfðahverfis hjerað: Svarfaðardals hreppur og Arnarness hreppur inn að Hillum í Eyjafjarðarsýslu, Grýtubakka hreppur og Háls hreppur norðan við Hálssókn í þingeyjarsýslu.

29. Reykdæla hjerað: Hálshreppur út að Draflastaðasókn, Ljósavatnshreppur ofan fyrir þóroddsstað, Reykdæla og Skútustaða hreppar.

30. Axarfjarðar hjerað: Kelduness, Fjalla og Skinnastaða hreppar og Presthólahreppur að Skinnalónsheiði.

31. Fljótsdals hjerað: Jökuldalshreppur fyrir ofan Gilsá, beggja megin Jökulsár, að meðtaldri Jökuldalsheiði, Möðrudal og Víðidal, Fella, Fljótsdals, Skriðdals og Valla hreppar.

32. Mýrdals hjerað: Álptavers, Hvamms og Dyrhóla hreppar í Vestur-Skaptafellssýslu og Austur-Eyjafjalla hreppur í Rangárvallasýslu.

33. Grímsness hjerað: Skeiða, Gnúpverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grímsness og Grafnings hreppar í Árnesssýslu.

## 5. flokkur.

34. Kjósar hjerað: þingvallahreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur út fyrir Hrafnabjörg og Kjósarsýsla, nema Mosfellshreppur.

35. Mýra hjerað: Mýrasýsla vestan Langár og Hnappadalssýsla.

36. Reykhóla hjerað: Geiradals, Reykhóla og Gufudals hreppar; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar þess er leitað og því verður við komið, að vitja sjúklinga í Múlahreppi og á Hjarðarnesi.

37. Flateyjar hjerað: Flateyjarhreppur, Rauðseyjar og Rúfeyjar í Dalasýslu, Múlahreppur og Hjarðarnes að Vatnsfirði; læknirinn í hjeraði þessu er ennfremur skyldur, þegar því verður komið við og þess er leitað, að vitja sjúklinga í Barðastrandarhreppi milli Vatnsdalsár og Hagavaðals.

38. Nauteyrar hjerað: Ögurhreppur nema Vigur, Reykjarfjarðar, Nauteyrar og Snæfjalla hreppar.

39. þistilfjarðar hjerað: Hinn hluti Norður-þingeyjarsýslu (sbr. tölul. 30).

40. Fáskrúðsfjarðar hjerað: Fáskrúðsfjarðar og Breiðdals hreppar.

26) Hofsos Distrikt: Vidviks, Hola, Hofs, Fells, Haganes og Holts Repper i Skagafjord Syssel;

27) Siglufjord Distrikt: Hvanneyri og Thoroddsstada Repper i Oefjord Syssel. Lægen i dette Distrikt er endvidere pligtig til, naar det forlanges, og Forholdene tillade det, at yde Lægehjælp til Beboerne af Grimsø;

28) Høfdahverfi Distrikt: Svarfadardals Rep, den nordlige Del af Arnarnes Rep indtil Hillur (ekskl.) i Oefjord Syssel, samt Grytubakka Rep og Hals Rep norden for Hals Sogn i Thingø Syssel;

29) Reykdæla Distrikt: Den sydlige Del af Hals Rep indtil Draflastada Sogn, Ljosavatns Reps sydlige Del indtil Thoroddsstadur (inkl.), samt Reykdæla og Skutustada Repper;

30) Axarfjord Distrikt: Keldunes, Fjalla og Skinnastada Repper, samt Presthola Rep indtil Skinnalons Hede;

31) Fljotsdals Distrikt: Den øverste Del af Jøkuldals Rep paa begge Sider af Jøkulsaa til Gilsaa, heri indbefattede Jøkuldals Hede samt Mødrudal og Vididal; endvidere Fella, Fljotsdals, Skriddals og Valla Repper;

32) Myrdals Distrikt: Alptavers, Hvamms og Dyrhola Repper i Skaptafell Syssel og Oester-Eyjafjalla Rep i Rangarvalla Syssel;

33) Grimsnes Distrikt: Skeida, Gnupverja, Hrunamanna, Biskupstungna, Grimsnes og Grafnings Repper i Arnes Syssel.

### 5te Klasse.

34) Kjos Distrikt: Thingvalla Rep, den østlige Del af Hvalfjardarstrands Rep til Hrafnabjørg (inkl.), samt Kjos Syssel med Undtagelse af Mosfells Rep;

35) Myra Distrikt: Den Del af Myra Syssel, der ligger vest for Langaa, samt Hnappadal Syssel;

36) Reykhola Distrikt: Geiradals, Reykhola og Gufudals Repper; Lægen i dette Distrikt er endvidere pligtig til, naar det forlanges, og Forholdene tillade det, at yde Lægehjælp til Beboerne af Mula Rep og Hjardarnes;

37) Flatø Distrikt: Flatø Rep tilligemed Raudseyjar og Rufeyjar i Dala Syssel samt Mula Rep og Hjardarnes indtil Vatnsfjorden; Lægen i dette Distrikt er endvidere pligtig til, naar det forlanges, og Forholdene tillade det, at yde Lægehjælp til Beboerne af Bardastrands Rep paa Strækningen mellem Vatnsdalsaa og Hagavadall;

38) Nauteyri Distrikt: Ogur Rep med Undtagelse af Vigur, Reykjarfjords, Nauteyri og Snæfjalla Repper;

39) Thistilfjord Distrikt: Den øvrige Del af Nordre Thingø Syssel (jfr. Nr. 30);

40) Faskrudsfjord Distrikt: Faskrudsfjords og Breiddals Repper;

Nr. 24. 41. Berufjarðar hjerað: Beruness og Geithellna hreppar;
13. oktbr. 42. Vestmannaeyja hjerað: Vestmannaeyjasýsla.

Landshöfðingi getur eptir tillögum hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda gert breyting á takmörkunum milli hinna einstöku læknishjeraða, og verða læknar að sætta sig við þá breyting endurgjaldslaust.

Nú er hjeraðslæknis vitjað úr öðru hjeraði til konu í barnsnauð eða í öðru jafnbrýnu tilfelli, fyrir þá sök, að hægra er til hans að ná en hlutaðeigandi læknis, og hefir hann þá sömu skyldur eins og hjeraðsbúi hans ætti í hlut.

## 2. grein.

Konungur skipar hjeraðslækna í embætti þau, er talin eru í 1., 2. og 3. flokki.

Læknishjeruð þau, er talin eru í 4. og 5. flokki, veitir landshöfðingi, og fylgir þeim eigi rjettur til eptirlauna.

Hjeraðslæknir er skyldur til að setjast að í þeim hluta hjeraðsins, sem landshöfðingi ákveður, eptir að búið er að leita um það álits hlutaðeigandi sýslunefndar eða sýslunefnda. Nú er lækni skylt að búa utan verzlunarstaðar, og skal hlutaðeigandi sýslunefnd eða sýslunefndir þegar útvega honum aðsetursstað, en ábýlisjörð svo fljótt sem unnt er, ef hann óskar þess. Landsstjórnin skal leggja til landssjóðsjarðir fyrir læknissetur, þar sem því verður viðkomið.

Hjeraðslæknarnir í Reykjavíkur, Ísafjarðar, Akureyrar og Seyðisfjarðar hjeruðum skulu vera búsettir í þeim kaupstað, er hjeraðið er kennt við. Hjeraðslæknirinn í Reyðarfjarðarhjeraði skal vera búsettur á Eskifirði og hjeraðslæknirinn í Barðastrandarhjeraði á Patreksfirði.

Ef sjúkrahús, er njóta styrks úr landsjóði, eru á þeim stað, er hjeraðslæknirinn býr, eða síðar verða reist þar, skal hann skyldur að takast á hendur lækniseptirlit við hús þessi án sjerstakrar þóknunar, sama er um sóttvarnarhús þau, er getur um í lögum nr. 30, 17. desember 1875, smbr. lög nr. 32, 18. desember 1897.

## 3. grein.

Laun hjeraðslækna eru þannig ákveðin:

| | |
|---|---|
| Í 1. flokki | 1,900 kr. |
| Í 2. flokki | 1,700 — |
| Í 3. flokki | 1,500 — |
| Í 4. flokki | 1,500 — |
| Í 5. flokki | 1,300 — |

Launin greiðast úr landssjóði.

Hafi nokkur hjeraðslæknir, er nú er skipaður í fast embætti, hærri laun (að meðtöldum húsaleigustyrk og embættisjörð), en honum bæri eptir lögum þessum, heldur hann því, sem fram yfir er, sem viðbót fyrir hann sjálfan. Þegar læknisembættið losnar, skal embættisjörðin lögð til landssjóðs.

Þangað til smámsaman er búið að skipa hjeraðslækna í hin nýju læknishjeruð, skal læknahjeraðaskipting sú, sem nú er, haldast, að því leyti er snertir þau embætti.

Hjeraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við hverja breyting, sem verður á hjeruðum þeirra eptir lögum þessum.

41) Berufjord Distrikt: Berunes og Geithellna Repper;

42) Vestmannø Distrikt: Vestmannø Syssel.

Forandringer i de enkelte Distrikters Grænser kunne efter vedkommende Sysselforstanderskabs eller Sysselforstanderskabers Indstilling fastsættes af Landshøvdingen, hvilke Forandringer vedkommende Læger ere pligtige at underkaste sig uden Vederlag.

Ved Henvendelse fra et andet Distrikt til en Distriktslæge i Barselstilfælde eller andre ligesaa paatrængende Sygdomstilfælde, af den Grund, at der er lettere Adgang til ham end til den vedkommende Læge, paahviler der ham samme Forpligtelse, som om det gjaldt Beboerne af hans eget Distrikt.

## § 2.

Distriktslægerne i de under 1ste, 2den og 3dje Klasse henhørende Embeder beskikkes af Kongen.

De under 4de og 5te Klasse henhørende Lægedistrikter besættes af Landshøvdingen og give ikke Ret til Pension.

Distriktslægerne ere pligtige til at tage Bopæl i den Del af Distriktet, der, efter at Erklæring herom er indhentet fra vedkommende Sysselforstanderskab eller Sysselforstanderskaber, fastsættes af Landshøvdingen. Er Lægen forpligtet til at tage Bopæl paa Landet udenfor en Handelsplads, paaligger det vedkommende Sysselforstanderskab eller Sysselforstanderskaber, saafremt han ønsker det, uopholdelig at sørge for Bopæl til ham samt saa hurtigt som muligt at skaffe ham en Jord i Bygsling. Hvor Forholdene tillade det, bør Regeringen udlægge en Landskassen tilhørende Jord til Embedsbolig for Lægen.

Distriktslægerne i Reykjavik, Isafjord, Akureyri og Seydisfjord Distrikter skulle have Bopæl i den Købstad, hvorefter Distriktet har Navn. Distriktslægen i Reydarfjord Distrikt skal have Bopæl i Eskefjord, og Distriktslægen i Bardastrand Distrikt i Patriksfjord.

Findes eller oprettes der paa det Sted, hvor en Distriktslæge er bosat, Sygehuse, der nyde Understøttelse af Landkassen, — herunder indbefattet de ved Lov Nr. 30 af 17de Decbr. 1875, jfr. Lov Nr. 32 af 18de Decbr. 1897, omhandlede Karantænehuse — er han pligtig uden særligt Vederlag at overtage Tilsynet med samme.

## § 3.

Distriktslægernes Lønning fastsættes paa følgende Maade:

| | |
|---|---|
| I 1ste Klasse | 1,900 Kr. |
| I 2den Klasse | 1,700 — |
| I 3dje Klasse | 1,500 — |
| I 4de Klasse | 1,500 — |
| I 5te Klasse | 1,300 — |

Lønningerne afholdes af Landskassen.

For saa vidt nogen af de for Tiden fast ansatte Distriktslæger oppebærer højere Lønning (Huslejehjælp og Embedsjord derunder indbefattet), end der vilde tilkomme ham efter denne Lov, beholder han det overskydende som personligt Tillæg. Ved indtrædende Vakance inddrages Embedsjorden til Fordel for Landskassen.

Indtil de nye Lægedistrikter efterhaanden blive forsynede med Distriktslæger, bibeholdes for deres Vedkommende den ældre Distriktsinddeling.

De for Tiden fast ansatte Distriktslæger ere pligtige til uden Vederlag at underkaste sig de ved denne Lov foraarsagede Forandringer af deres Distrikter.

Nr. 24. 13. oktbr.

4. grein.

Þegar ekki er samið fyrir fram við lækna um borgun fyrir læknisstörf, svo sem um vissa þóknun á ári, þá ber þeim, hvort sem er fyrir læknisstörf í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, þessi borgun:

1) Þegar leitað er ráða til þeirra heima eða þeir vitja sjúklinga eigi lengra en $^1/_{10}$ úr mílu frá bústað sínum, eins þó þeir um leið gefi út læknisfyrirsögn, geri lítils háttar skurði og bindi um, dragi út tönn, nái þvagi af manni eða því um líkt, allt að ........ 1 kr.

Komi sjúklingurinn eptir umtali við lækninn þrisvar eða optar þar á eptir til hans eða vitji læknirinn sama sjúklings þrisvar eða optar, færist borgunin niður um helming.

Sje læknis leitað frá kl. 11 e. h. til kl. 6 f. h., tvöfaldast borgunin.

2) Fyrir ferð læknis á skip, er liggur á höfn ........ 4 —

3) Fyrir að kippa í lið, stinga á manni eða taka fingur af eða tá ........ 2 —

4) Fyrir að binda um beinbrot ........ 3 —

5) Fyrir að taka af stærri limi, eða gera því líkan meiri háttar líkamsskurð ........ 8 —

6) Fyrir að hjálpa sængurkonum með verkfærum ........ 4 —

7) Fyrir að hjálpa sængurkonum án verkfæra ........ 4 —

Fyrir önnur verk lækna skal borga eptir tiltölu við það, sem hjer er talið.

Þurfi læknir aðstoðar við hina meiri háttar líkamsskurði, skal að auki greiða sanngjarna borgun fyrir þá aðstoð.

5. grein.

Fyrir störf í þarfir heilbrigðis- og rjettargæzlu ber lækni, hvort sem hið opinbera eða einstakir menn leita hans:

1) Fyrir líkskoðun ........ 2 kr.

2) Fyrir uppskurð á líki ........ 16 —

Hjálpist fleiri læknar að en einn við líkskurðinn, skiptist borgunin jafnt á milli þeirra.

3) Fyrir »kemiska« eða »mikroskopiska« rannsókn, er um eitrun er að ræða, ásamt skýrslu um málið ........ 4 —

Þegar lík er skorið upp, skal þó ekkert greiða fyrir slíka rannsókn sjerstaklega.

4) Fyrir að rannsaka heilsufar manns, eðli sjúkdóms, geðveiki, getnaðarhæfileika, hvort barn sje fullburða, eða því um líkt ........ 3 —

Sjeu fleiri en einn rannsakaðir á sama stað og í sama tilefni, skal þó aðeins greiða 2 kr. fyrir hvern þeirra.

5) Fyrir að rannsaka sjóskemmdar vörur, meðöl, matvæli, hús eða því um líkt, ásamt vottorði ........ 3 —

Ef meira en 5 stundir ganga til starfsins, skal greitt tvöfalt gjald.

6. grein.

Verði læknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, skal sjá honum fyrir flutningi ókeypis og sem beinasta leið að hægt er, og greiða honum ennfremur auk borgunar eptir 4. og 5. grein 3 kr. fyrir hverjar 12 stundir, sem hann er á ferð, eða að læknisstörfum, og að því skapi fyrir kafla úr 12 stundum. Sjái hann sjer sjálfur fyrir farkosti, skal endurgjalda honum það, eptir því sem tíðkast í því byggðarlagi.

§ 4.

Nr. 24.
13de Oktbr.

Hvor der ikke forud er truffet Aftale med Lægen om Honoraret, f. Eks. om en vis Sum aarlig, tilkommer der Lægerne, saavel i privat som i offentlig Praksis:

1) For en Konsultation i Lægens Bolig eller Sygebesøg indenfor $1/_{10}$ Mil fra denne, ogsaa naar der hermed er forbundet Udstedelse af Recept, mindre Incision med Forbinding, Tandudtrækning, Katheterisering eller deslige, indtil....... 1 Kr.

Henvender den syge sig efter Aftale til Lægen tre eller flere Gange derefter, eller besøger Lægen den samme syge tre eller flere Gange, beregnes kun halv Takst.

Ved Henvendelse til Lægen fra Kl. 11 Eftermiddag til Kl. 6 Formiddag fordobles Taksten.

2) For Lægehjælp om Bord i et i en Havn liggende Skib.................. 4 —
3) For en Ledsætning, Foretagelse af Punktur eller Amputation af en Finger eller Taa........................................................ 2 —
4) For Forbinding af en Fraktur........................................ 3 —
5) For Amputation af et større Lem eller en lignende større Operation....... 8 —
6) For en Tangforretning................................................ 4 —
7) For en Fødselsforretning uden Instrumenter............................ 4 —

For andre Forretninger tilkommer der Lægen Betaling i Forhold hertil.

Behøver Lægen Assistance ved en større Operation, erlægges endvidere passende Godtgørelse for samme Assistance.

§ 5.

For Forretninger vedrørende Sundheds- og Retsplejen tilkommer der Lægen, hvad enten Forretningen begæres af det offentlige eller af private:

1) For en Synsforretning ved Lig.......................................... 2 Kr.
2) For en Obduktionsforretning.......................................... 16 —
der i Tilfælde af, at flere Læger deltage i Forretningen, deles lige mellem dem.
3) For en kemisk eller mikroskopisk Undersøgelse i Forgiftningstilfælde med Beretning................................................................ 4 —

Dog bortfalder særlig Betaling for en saadan Undersøgelse, hvor Obduktion tillige finder Sted.

4) For en Undersøgelse af en Persons Sundhedstilstand, Sygdoms Natur, Sindssvaghed, Avledygtighed, et Barns Fuldbaarethed eller deslige............ 3 —

Naar flere skulle undersøges paa samme Sted og i samme Anledning, erlægges dog for hver Person kun 2 Kr.

5) For Undersøgelse af havarerede Varer, Medikamenter, Næringsmidler, Bygninger eller deslige med Attest........................................ 3 —

Medtager Forretningen over 5 Timer, betales som for 2 Forretninger.

§ 6.

Ved alle Forretninger saavel i offentlig som i privat Praksis, hvormed Rejser ere forbundne, nyder Lægen foruden fri og saa vidt muligt direkte Befordring samt foruden den i §§ 4 og 5 ommeldte Betaling 3 Kr. for hver 12 Timer, som han er hjemme fra, og forholdsvis for Dele af 12 Timer. Hvis Lægen selv skaffer sig Befordring, tilkommer der ham Betaling herfor efter Skik og Brug der paa Stedet.

Nr. 24.
13.
oktbr.

7. grein.

Lög 15. október 1875 um aðra skipun á læknahjeröðum á Íslandi og fleira eru úr gildi numin.

8. grein.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1900.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 13. október 1899.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*Hørring.*

§ 7.

Lov af 15. Oktober 1875 angaaende Omordning af Lægedistrikterne i Island m. v. ophæves.

§ 8.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1900.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 13de Oktober 1899.**

---

**Ministeriet for Island, den 13de Oktober 1899.**

*Hørring.*

*Ólafur Halldórsson.*